

Ár 1912, mánudaginn 25. nóv.

Nr. 47/1911.

Magnús Sigurðsson
yfírréttarmálaflutningsmaður
fyrir hönd

h/f O. Wathnes Arvinger í Kaupmannahöfn og Kr. Berg hæztaréttarmálaflutningsmanns, fyrir ráðsmenn (administrators) téðs hlutafélags

gegn

firmanu G. Gíslason & Hay.

D ó m u r :

I marzmánuði 1910 seldu stefndu, firmað G. Gíslason & Hay í Leith, h/f. O. Wathnes Arvinger í Stavanger kolafarm og gáfu stefndu út víxil fyrir andvirðinu £ 276 : 3 : 8, sem samþykktur var til greiðslu 8. júní s. á. af T. Wathne f. h. hlutafélagsins. Víxillinn fekst þó eigi greiddur í gjalddaga og var hann þá afsagður fyrir greiðslufall. Litlu síðar var félagið, sem treystist ekki til að standa í skilum við skuldheimtumenn sína, tekið undir stjórn (administration) manna, er meiri hluti skuldheimtumanna skipaði, til þess að koma eignum félagsins í sem mest verð, og var það gert með samþykki stjórnar þess og þannig, að félagið skyldi halda áfram störfum fyrir það og varð hæstaréttarmálaflutningsmaður Kr. Berg í Stavanger forstjóri administrationarinnar.

Eftir að stefndu G. Gíslason & Hay höfðu um hrið staðið í bréfaskiftum við hlutafélagið í Stavanger og nefndan Kr. Berg f. h. administrationarinnar, til þess að fá

greidda víxilskuldina, án þess það leiddi til árangurs, sneru stefndu sér loks að eignum félagsins, er þeir töldu það eiga á Íslandi, og fengu framkvæmda 30. maí 1911 fyrir fúgetarétti Suður-Múlasýslu kyrsetningu á húseignum félagsins á Reyðarfirði ásamt bryggjum og lóð o. fl. þar, og auk þess á innieign félagsins þar hjá Rolf Johansen 7500 kr., en upphæð þessi var ógreitt andvirði útistandandi skulda Reyðarfjarðarverzlunar hlutafélagsins O. Wathnes Arvinger, er Johansen hafði keypt 30. sept. 1910, og voru fjármunir þessir kyrsettir til tryggingar greiðslu fyrteðs víxils, kr. 5026,53, ásamt 6⁰/₁₀₀ ársvöxtum frá gjalddaga víxilsins, 1¹/₈⁰/₁₀₀ þóknun af upphæð víxilsins og kostnaði við innheimtu hans. Höfðuðu síðan stefndu 13. maímánaðar 1911 mál fyrir gestarétti Suður-Múlasýslu til staðfestingar kyrsetningargerðinni og til greiðslu víxilskuldarinnar m. m., og stefndu til þess samkv. op. br. 30. nóv. 1821, sem handhafa og umsjónarmanni hinna kyrsettu eigna, áður nefndum Rolf Johansen kaupmanni fyrir hönd hlutafélagsins O. Wathnes Arvinger í Stavanger, þar sem þeir töldu hlutafélag þetta búsett utan ríkisins og ekki hafa hér annan umboðsmann en nefndan handhafa og umsjónarmann hinna kyrsettu eigna. Gekk síðan dómur í málinu fyrir nefndum rétti hinn 19. júní-mán. s. á., þannig að kyrsetningargjörðin 30. maí 1911 var staðfest og stefndi, kaupmaður Rolf Johansen, var fyrir hönd h/f. O. Wathnes Arvinger í Stavanger í Norgei dæmdur til að greiða h/f. G. Gíslason & Hay í Reykjavík víxilupphæðina £ 276 : 3 : 8 eða kr. 5026,53 með 6⁰/₁₀₀ ársvöxtum frá 10. júní 1910 til borgunardags, 1¹/₈⁰/₁₀₀ af upphæð víxilsins og upp í annan kostnað kr. 302.50.

Þessum dómi og áðurnefndri kyrsetningargerð 30. maí 1911 hefir nú áfryjandi skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 12. okt. f. á., og hefir hann krafist þess fyrir hönd umbjóðenda sinna, að þeir verði sýknaðir af öllum kærnum og kröfum G. Gíslasonar & Hay og dóminum hrundið og kyrsetningargerðin verði ógilt, sem hver önnur mærkleysa, að G. Gíslason & Hay verði dæmdir í skaðabætur, 2000 kr. eða aðra hæfilega upphæð eftir réttarins mati og að þeir verði dæmdir í málskostnað fyrir yfir- og undirdómi, eftir mati yfirdómsins. Stefndu hafa aftur á móti krafist staðfestingar á dóminum og sýknunar af skaðabótakröfum áfryjanda og málskostnaðarkröfum, en að áfryjandi verði dæmdur í málskostnað fyrir undir- og yfirdómi. Áfryjandi heldur því fram, að eignir þær á Reyðarfirði og innieign, er stefndu hafi fengið hina áfryjuðu kyrsetningargerð framkvæmda í til tryggingar víxilskuld sinni á hendur firmanu h/f. O. Wathnes Arvinger í Stavanger, er hafi keypt af þeim áðurnefndan kolafarm, séu ekki og hafi ekki verið eign þessa firma eða administratora þess, heldur hafi átt þær annað firma samnefnt h/f. O. Wathnes Arvinger í Kaupmannahöfn, eða réttara administratorar þess félags, sem einnig eru áfryjendur þessa máls sem slíkir, eða Kr. Berg hæstaréttarmálaflutningsmaður í Stavanger fyrir þeirra hönd. Hafi þannig kyrsetningin verið gjörð í annara manna eignum og hljóti því að teljast fullkomin mærkleysa og verða úr gildi feld. Staðfestingarmálið hefði þá einnig að sjálf-sögðu verið ólöglega höfðað með öllu, þar sem hér sé um firma að ræða, sem er skrásett í Kaupmannahöfn og því danskt-íslenzkt firma, er ekki hafi verið lög til að

stefna til staðfestingarmálsins sem utanríkismönnum, samkvæmt opna bréfinu 30. nóv. 1821.

Stefndu hafa neitað því, að um 2 sjálfstæð firma væri að ræða, svo sem áfrýjandi heldur fram, og þeir staðhæfa, að firmað O. Wathnes Arvinger sé í raun og veru að eins eitt með aðalskrifstofu og lögheimili í Stavanger en undirskrifstofu í Kaupmannahöfn. Skiftingin í tvö firma hafi altaf verið til málamynda, að eins gjörð til þess, að verzlunir félagsins hér á Íslandi gætu gengið óáreittar samkvæmt íslenskum lögum. En þó að stefndu hafi fært ýms rök til þess, að félögin séu í raun og veru eitt firma, og vitnisburður fyrirverandi verzlunarstjóra hlutfélagsins O. Wathnes Arvinger, fyrnefnds Rolf Johansens, bendi í sömu átt, þá sýna hins vegar framlagðir útdrættir úr firmaskránum, að firman hafi samtímis verið tvö, samnefnd að vísu en mismunandi að stjórn, höfuðstól og fl., annað búsett í Stavanger en hitt í Kaupmannahöfn, og ennþá eigi næg rök fram komin til að hnekkja staðhæfing áfrýjanda um sjálfstæði firmanna hvors gagnvart öðru. En stefndu hafa neitað því að hinar kyrsettu eignir hafi, eins og áfrýjandi heldur fram, verið eign Kaupmannahafnarfirmans, þó að þetta firma væri til eins og sjálfstætt eða einfalt firma, eða administratora þess, umbjóðenda áfrýjanda. Áfrýjandi byggir þá fullyrðingu sína, að Kaupmannahafnarfirmað O. Wathnes Arvinger, en ekki Stavanger-firmað samnefnda, hafi áður átt eignirnar sem kyrsettar voru, á því, að eftir firmaskránni er Kaupmannahafnar-firmað talið reka verzlun á Íslandi, meðal annars á Reyðarfirði, en hinar kyrsettu eignir stöfuðu einmitt, bæði fasteignir og útistandandi skuldir, frá verzlun O. Wathnes Arvinger þar, og í öðru lagi á því, að á veð-

bókarvottorði, sem fram var lagt við kyrsetningargerðina 30. maí 1911, sést, að veðskuldir þær, er þá hvíldu á hinum kyrsettu fasteignum, höfðu verið á lagðar með skulda-bréfum útgefnum 1904 af »stjórn hlutafélagsins O. Wathnes erfingjar í Kaupmannahöfn«. En áfrýjandi heldur því ekki fram, að þessi eignarréttur Hafnar-firmans hafi staðið óbreyttur þegar kyrsetningin fór fram, heldur hafi þá administratorar Kaupmannahafnarfirmans undir forstöðu Kr. Bergs hæstaréttarmálafærslumanns í Stavanger, fyrir kaup á eignunum úr hendi firmans, verið orðnir sjálf-stæðir eigendur eignanna, enda hafi þeir þess vegna tekið þátt í áfrýjun þessa máls. Þessi sögusögn áfrýjandans um eignarréttinn að hinum kyrsettu eignum þegar kyrsetningin fór fram, kemur þó, hvernig sem hann hefir verið áður, bersýnilega í bága við ofangreindar skýrslur málsins og getur sérstaklega ekki samrýmst þeim upplýsingum, sem felast í bréfum þeim, sem lögð eru fram í málinu og farið hafa á milli annars umbjóðanda áfrýjandans, Kr. Bergs hæstaréttarmálafærslumanns, sem administrators Stavangerfirmans og hinna stefndu út af greiðslu víxils þess og kolaskuldar, er kyrsetningin og mál þetta er sprottið af, því að þessi bréf, einkanlega bréf Kr. Bergs 1. okt. og 10. desbr. 1910, samanborin við bréf þau frá stefndu, sem þau eru svar upp á, verða ekki skilin á annan hátt en þann, að það sé Stavangerfirmað eða Stavangerbúið — úr því um tvö firma með nafninu O. Wathnes Arvinger er að ræða, einsog áfrýjandi hefir haldið fram, sem þá hefir verið orðið eigandi eigna þeirra, er kyrsetningin var síðar gjörð í.

Með þessum bréfum og öðrum skýrslum, sem áfrýjandi hefir ekki getað hnekt, verður að teljast fengin

full sönnun fyrir því, að áfrýjendur þessa máls, Kaupmannahafnarfirmað O. Wathnes Arvinger og administratorar þess firma hafi eigi verið eigendur eigna þeirra, er kyrsetningin 30. maí 1911 fór fram í, og voru þeir því ekki bærir að krefjast breytinga, hvorki á gjörð þessari né hinum áfrýjaða dómi, og ber því að sýkna hina stefndu af kröfnum og kærum áfrýjanda og staðfesta hinn áfrýjaða gestaréttardóm. Það þykir rétt að áfrýjandi greiði hinum stefndu í málskostnað fyrir yfirdómi 80 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á óraskaður að vera. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandi, yfirréttarmálaflutningsmaður Magnús Sigurðsson, fyrir hönd h/f. O. Wathnes Arvinger í Kaupmannahöfn og Kr. Bergs, fyrir administratorana í því hlutafélagi, hinum stefndu G. Gíslason & Hay 80 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 27/1912

Réttvísinn
gegn
Hjálmarí Þorgilssyni.

D ó m u r:

Hinn ákærði, Hjálmar Þorgilsson bóndi á Hofi á Höfðaströnd, var fyrir aukarétti Skagafjarðarsýslu saksóttur